



# ERRÓSETUR

Kirkjubæjarklaustri

Frumhugmynd

28.05.2010

# ERRÓSETUR

## Kirkjubæjarklaustri

### GREINARGERÐ

#### 1. HUGMYND

Ekki þarf að fjölyrða um hve Erró er þekktur orðinn á alþjóðavísu sem myndlistarmaður og fer orðstír hans vaxandi með hverju ári. Listasafn Reykjavíkur (LR) heldur utan um gjafir Errós til Íslands og er safnaeignin bæði stór og mikilvæg. Þar er uppi sýning á verkum hans á hverju tímabili ársins, allt árið um kring, og eru sýningar og aðrir atburðir tengdir Erró vel sóttir. Má ætla að jafn Íslendingar sem útlendingar sýni listamanninum og verkum hans síaukinn áhuga.

Vegferð Erró sem listamanns er órjúfanlega tengd Kirkjubæjarklaustri þar sem hann ólst upp, og síðar námi hans á Íslandi í Noregi og á Ítalíu, allt fram til fyrstu ára hans í París. Áhugavert væri að gera þessum þroskaferli sérstök skil með því að koma upp safni, sýningu og lifandi menningarsetri að Klaustri. Þar væri lögð áhersla á að varpa ljósi á tengsl Errós við ættingjana nær og fjær, lífið í þorpinu og sveitinni, við listamenn sem þangað komu og á þróun Errós sem myndlistarmanns samfara námi og störfum, heima og heiman. Þetta er unnt að gera með því að nýta safnaeign LR, auka við hana með því að koma munum og minjum til skráningar þar og sýna bæði persónulega muni og listaverk að Klaustri í því sem gæti heitið Errósetur, auk þess sem lesefni og myndefni væri notað.

Áhugahópur sem í eru vinir og vandamenn, ásamt fulltrúa sveitastjórnar á Klaustri og LR, hyggst beita sér fyrir stofnun og gerð slíks Erró-seturs. Með því á að auka skilning fólks á myndlist Errós, styrkja innviði og stoðir samfélagsins á Klaustri og í nágrenninu og efla menninguna í landinu.

Í ráði er að byggja hús undir slíka stofnun inni í þorpinu og tengja það með sem hagkvæmustum hætti við aðrar nýjar byggingar sem þar rísa, s.s. undir starfsemi Kirkjubæjarstofu og nýja Upplýsingamiðstöð Vatnajökulspjóðgarðs. Þar ræður hugmynd um samnýtingu og lægri rekstrakostnað en ella.

Hugmyndin hefur verið rædd við Erró og er hann mjög áhugasamur um hana og það sama má segja um forráðamenn LR, sveitarstjórnarmanna eystra og aðra sem vita af þessum hugmyndunum. Byggingin verður að geta hýst sýningu/safn tengt Erró, hafa yfir öðru sýningarrými að ráða (vilji Errós) og það á þar með einnig að nýta undir ýmsa menningarviðburði.

#### Fyrstu skrefin eru þessi:

- binda áhugahópin formlegar og stofna samtök eða félag um undirbúninginn
- afla fjár til frekari undirbúnings
- kanna möguleika á fjáröflun til framkvæmda
- vinna frekari þarfagreiningu og viðskiptaáætlun

- kanna öryggiskröfur og hvernig mæta á þeim í rekstri
- vinna með sveitarfélaginu í að finna stað fyrir Errósetur
- koma fram með tillögu að byggingu til umræðu
- koma fram með tillögu að rekstrarformi til umræðu
- ræða betur við sveitarfélagið eystra um skipulagsmál og þátttöku
- taka þátt í samstarfi í formlegum starfshóp sem hafið er um uppbyggingu á Klaustri, sbr. skýrslu R3
- taka saman kynningarefni sem byggir á þessari greinargerð og tillögum

Erró verður áttæður 2012 og er stefnt að því að ofanskráð skref hafi þá verið tekin og vinna hafin við næstu skref en þau lúta að framkvæmdum og gerð Errósetursins.

Í undirbúningshópnum eru: Haukur Garðarsson, Benedikt Lárusson, Ólafía Jakobsdóttir, Lárus Siggeirsson, Bjarni Daníelsson, Hafþór Yngvason (LR), Ari Trausti Guðmundsson, Jakob Kristinsson, Egill Már Guðmundsson og Gunnar Dungal.

## 2.

### **DRÖG AÐ FORSÖGN OG LAUSLEGT KOSTNAÐARMAT**

Lagt er til að starfsemin og setrið verði þróað sem upplýsinga – og sögusetur um listamanninn, nátengt Klaustri, sem uppvaxtarstað hans. Errósetrið þarf því að geyma sögu Errós frá unga aldri og fram til dagsins í dag, segja frá uppvexti hans, listnámi og síðan listferli í máli og myndum. Stærð og umgjörð setursins ætti að frekar að vera eins og lifandi, breytileg vinnustofa fremur en “safn – stofnun”.

Nýtt listaverk eftir Erró, til dæmis með tilvísun í Klaustur, eldinn og hraunið myndi gefa setrinu mikið vægi. Annar möguleiki, en þó ekki eins “bundinn” við staðinn, er að fá lánaðan keramikvegginn úr Kringunni (Silfurþeysinn), sem tekinn var niður fyrir allnokkru. Kanna þarf hvort þessi leið er fær.

Lausleg áætlun á húsnæðisþörf fer hér á eftir, miðað við að byggingin standi sjálfstæð, á meðan að ekki liggur fyrir hvernig hún getur tengst annarri starfsemi á Klaustri. Hugmyndir hafa komið fram um að Errósetur tengist annarri starfsemi s.s væntanlegri gestastofu Vatnajökulþjóðgarðs og myndi það bæta rekstraskilyrði Errósetursins. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að hægt sé að sveigja mögulega starfsemi innan byggingarinnar auk þess sem huga þarf að því að byggingin geti stækkað í framtíðinni.

#### **Áætlaðar nettó stærðir byggingar:**

Sýningarrými ( salur )	150 fm
<i>Þarf að gefa möguleika á sögulegri umfjöllun og sýningu á listaverkum Errós. Möguleg opnun út í anddyri – afgreiðslu er æskileg</i>	
Geymsla fyrir listaverk og sérstök móttaka þeirra	25 fm

*þarf að vera fullkomið öryggisrými v. elds og vatns*

Anddyri <i>Rúmgott anddyri með vindfangi, þarf að geta tekið á móti a.m.k. 30-40 manna hópi í einu</i>	40 fm
Afgreiðsla <i>Afgreiðsla fyrir safnið, sala aðgöngumiða, sýningarskrár og fl.</i>	10 fm
Sala – veitingar <i>Sölusvæði þar sem bækur, tímarit og minni verk Errós eru til sölu, getur verið samtengt afgreiðslu. Miðað er við léttar veitingar og einfalda eldhúsaðstöðu. Anddyri nýtist einnig undir veitingasölu</i>	15 fm
Stjórnun <i>Skrifstofa fyrir stjórnanda Erró seturs m. lítilli fundaraðstöðu fyrir 4-6</i>	15 fm
Snyrtingar 2 x 10 <i>Snyrtingar fyrir bæði kyn og a.m.k. eitt salerni fyrir hreyfihamlaða</i>	20 fm
Geymsla <i>Almenn geymsla fyrir annað en listaverk, sem eru til sýningar í aðalsalnum</i>	10 fm
Tæknirými og fl. <i>Inntök, ræsting og fl.</i>	15 fm
Alls nettó	300 fm
Útveggir, innveggir og umferðarými um 34-35% af nettóstærð	100 fm
<u>Heildarstærð</u>	<u>400 fm</u>

## **Lóð**

Á þessu stigi undirbúnings er ekki hægt að skilgreina lóð, aðkomu og bílastæði þar sem að endanleg staðsetning byggingarinnar liggur ekki fyrir.

## **Lauslegt kostnaðarmat**

Ekki liggur fyrir hönnun á fyrirhuguðu Errósetri. Gera verður ráð fyrir vandaðri og fallegri byggingu þar sem að gerðar verða kröfur til byggingalistar og nýtingamöguleika hússins. Aðlögun byggingarinnar að vistvænum byggingarháttum væri æskileg og í anda staðarins.

Gert er ráð fyrir að byggingin verði steinsteypt, klædd vönduðum efnum á veggjum og þaki, en einnig má sjá fyrir sér gras á þakinu. Gluggar, hurðir og

gler þurfa að endurspegla gæði hússins. Innviðir hússins, veggir, gólf, loft, hurðir, innréttingar og tækniakerfi munu einnig endurspegla gæði hússins.

Lausleg athugun á frumkostnaði vegna heildarkostnaðar þ.e. alls framkvæmdakostnaðar við byggingu tilbúna til notkunar, lóðarkostnaðar við lóð í næsta nágrenni, bílastæði, hönnunarkostnaðar, eftirlits og stjórnunar byggist því á reynslutölum úr byggingum af svipuðum gæðum. Ekki er innifalinn kostnaður vegna húsgagna og lauss búnaðar eða “sýningar” í húsinu.

Lauslega áætlaður heildarkostnaður fyrir 400 m<sup>2</sup> byggingu er áætlaður á bilinu 160-180 milljónir m.vsk miðað við verðlag í maí 2010.

Reykjavík í maí 2010

Ari T. Guðmundsson  
Egill M. Guðmundsson